

Miðvikudaginn 28. október 1959.

**Nr. 189/1959. Trygging h/f
gegn
sakadómaranum í Reykjavík.**

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
Theodór B. Lindal.**

Kærumál. Frávisun frá Hæstarétti.

Sóknaraðili hefur með kæru 16. þ. m. kært til Hæstaréttar synjun varnaraðilja um framhald rannsóknar út af andláti Sigurðar Árnasonar Guðmundssonar. Dómsmálaráðuneytið hafði ákveðið með bréfi til varnaraðilja, dags. 12. þ. m., að frekari rannsókn í ofangreindu máli ætti ekki fram að fara, og var varnaraðili við það bundinn, sbr. 20., 1. mgr. 42., 74. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 27/1951, sbr. 12. tölulið 2. gr. sömu laga.

Framangreind ákvörðun verður eigi að lögum kærð til Hæstaréttar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.
